

Yfirlit um starf Vorboða 2019-2020

Vorboðar er blandaður kór eldri borgara í Mosfellsbæ og var stofnaður 16. desember 1989.

Kórinn telur um 50 félag, æfingar kórsins eru einu sinni í viku og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir.

Á yfirstandandi starfsári heldur kórinn upp á 30 ára afmæli sitt og með veglegum tónleikum í Guðríðarkirkju 18. apríl.

Á 30 ára afmælisárinu hefur kórinn starfað með hefðbundnum hætti og sungið við guðþjónustur, sungið jólasöngva á hinum ýmsu stöðum og haldið þorablót.

Í september sl. hélt svo kórinn til Ítalíu ásamt fríðu föruneyti og söng sig inn í hug og hjörtu Ítala.

Framundan hjá kórnum er svo áður nefndir tónleikar í Guðríðarkirkju og þátttaka í árlegu kóramóti á Selfossi í maí.

Vorboðar taka fagnandi móti nýjum félögum sem vilja taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu kórastarfi.

Kórstjóri metur hæfni viðkomandi.

Úlfhildur Geirsdóttir formaður